

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Valkostir skjals:

Áskriftir:

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning: **17.03.2010**
Málsnúmer: **EVR09100438**
Bréfalykill: **6.1**

Efni: Mál 278 - frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Tilmæli
ráðherra:

Texti:

Ósk til viðskiptanefndar um leiðréttingu á misfærslu og breytingar á frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins

Í kjölfar þess að frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins var lagt fram á Alþingi, barst ráðuneytinu ábending frá Brunamálastofnun og umhverfisráðuneytinu um að í frumvarpinu væri að finna misfærslu. Í III. kafla frumvarpsins er lagt til að orðin "og veitt til fimm ára í senn" í 2. mgr. 8. gr. laganna falli brott. Það leyfi sem hér ræðir um er hefðbundið rekstrarleyfi (sbr. veitinga- og gistileyfi skv. lögum nr. 85/2007) sem brýnt er að sé tímabundið, enda var ekki ætlunin að hrófla við tímabindingu þessa leyfis.

Ætlunin var að leggja til að breyting yrði gerð á 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. laganna, en 13. gr. kveður á um að setja eigi í reglugerð um raforkuvirki, ákvæði til varnar hættu og tjóni af rafmagni og til varnar truflunum á starfrækslu raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sem fyrir eru, eða síðar kunna að koma. Í reglugerðinni á m.a. að kveða á um starfsleyfi tilnefndra ábyrgðarmanna rafveitna, starfsleyfi rafskoðunarstofa, og tímabundna löggildingu rafverktaka. Ráðuneytið vill því leggja til að orðið "tímabundna" falli brott.

Í kjölfar þessara breytinga hefur Brunamálastofnun þó óskað eftir því að við lögin verði bætt því skilyrði þegar sótt er um löggildingu, að viðkomandi hafi ekki verið sviptur löggildingu til rafvirkjunarstarfa síðastliðna 12 mánuði. Hefur það skilyrði forvarnargildi og kemur í veg fyrir að aðili sem sviptur hefur verið löggildingu geti sótt strax aftur um löggildinguna.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til í skjalinu:

- 1. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja,**

neysluveitna og raffanga:

- a. Orðið „tímabundna“ í 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. fellur brott.**
- 2. Í stað orðanna „verður að“ í 1. ml. 13. a, 1. ml. 13. gr. b, 1. ml. 1. mgr. 13. gr. c og 1. ml. 1. mgr. 13. gr. d, kemur: skal.**
- 3. Á eftir 4. tölul. 13. gr. a, 4. tölul. 13. gr. b, 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. c og 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. d kemur nýr töluliður, svohljóðandi: ekki hafa verið sviptur löggildingu Brunamálastofnunar til rafvirkjunarstarfa síðustu tólf mánuði.**

Að lokum vill ráðuneytið biðjast velvirðingar á mistökunum sem urðu við ritun frumvarpsins.